

30. mars 2022  
Tilv.: 2203197

Dreifibréf númer: 11/2022  
til fjármálafyrirtækja og  
Samtaka fjármálafyrirtækja

*Efni:* Drög að reglum um innleiðingu reglugerða (ESB) varðandi innri aðferðir við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja samkvæmt CRR.

Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal, nr. 2/2021, sem inniheldur drög að reglum til að innleiða reglugerðir framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) um tæknilega staðla samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR). Reglurnar verða settar með stoð í 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um er að ræða reglugerð (ESB) 2021/598 um tæknilega eftirlitsstaðla um ákvörðun áhættuvoga fyrir sértækar lánaáhættuskuldbindingar og reglugerð (ESB) 2021/930 um tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina eðli, alvarleika og tímalengd efnahagssamdráttar sem um getur í 181. og 182. gr. CRR. Reglugerðirnar verða innleiddar með nýjum reglum um innri aðferðir við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja sem leysa munu af hólmi reglur um sama efni nr. 1082/2021 þar sem innleiddar hafa verið reglugerðir (ESB) nr. 529/2014, 2015/942, 2015/1556, 2017/72 og 2018/959.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjölum berist eigi síðar en 8. apríl nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjölum. Umsagnareyðublöð skulu senda á netfangið: [skjalasafn@sedlabanki.is](mailto:skjalasafn@sedlabanki.is).

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS  
Fjármálaeftirlit

Elmar Ásbjörnsson  
framkvæmdastjóri  
bankar

Hjálmur Nordal  
forstöðumaður  
bankar

